



Hafnarnefndarfundur

Miðvikudaginn 9. apríl 2014 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 18.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Guðjón Guðjónsson, Jóhann Sigurjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál hafnarinnar

a. Ársreikningur 2013

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi Skagastrandarhafnar 2013. Rekstrartekjur hafnarsjóðs voru 64,7 millj. en rekstrargjöld 28,7 milljónir. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 36 milljónir kr. Í árslok 2013 hvíldu ekki langtímaskuldir á hafnarsjóði. Hafnarnefnd ræddi ársreikninginn en gerði ekki athugasemdir við hann.

b. Fjárhagsáætlun 2014

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun 2014 sem áður hafði verið staðfest af sveitarstjórn. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur hafnarinnar verði 43,2 milljónir og gjöld 29,9 milljónir og áætluð reksrarafkoma verði því jákvæð um 13,3 milljónir. Í samantekt um fjárhagsáætlanir fyrir hafnarsjóð á árunum 2014-2017 kemur fram að gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu sem nemi 13-14 milljónum á ári á áætlunartímanum. Í fjárhagsáætlun 2014 gerði sveitarstjórn ráð fyrir að gjaldskrár yrðu ekki hækkaðar. Hafnarnefnd fór yfir fjárhagsáætlun en gerði ekki athugasemdir við hana.

2. Lenging Miðgarðs harðviðarbryggja

Fyrir fundinum lá minnisblað um stöðu framkvæmda við lengingu Miðgarðs með harðviðarbryggju. Í minnisblaðinu kom fram að gert er ráð fyrir að heildakostnaður við verkið verði um 50 milljónir króna og að dýrustu verkþáttum hafi verið lokið og um 70% af áætluðum heildarkostnaði hafi verið greidd. Í verklegum framkvæmdum við byggingu trébryggjunnar hafi um 50% verið lokið. Gert er ráð fyrir að verklok verði samkvæmt samningi í lok maí. Í minnisblaðinu kemur fram að í áætlunum hafið ekki verið fjallað um lýsingu og malbikun ofan við hina nýju bryggju. Meðfylgjandi minnisblaðinu var jafnbirtukúrfa þar sem sýnd er áhrif áætlaðrar lýsingar yfir vinnusvæði á bryggjunni. Hafnarnefnd fór yfir staðsetningu á ljósamastri og samþykkti að því yrði komið fyrir við suðurenda harðviðarbryggjunnar. Þá var og samþykkt að láta malbika og ganga frá



svæðinu ofan við hina nýju bryggju. Tekið var fyrir hvort kaupa eigi nýjan löndunarkrana á bryggjuna eða færa eldri krana til. Samþykkt að kaupa nýjan krana á bryggjuna og sveitarstjóra falið að leita tilboð í nýjan krana.

3. Dráttarbraut.

Fyrir fundinum lá samantekt um kostnað við að gera við undirstöður brautarteina dráttarbrautarinnar. Sveitarstjóri skýrði í grófum dráttum í hverju fyrirhugaðar viðgerðir eru fólgnar. Áætlun um viðgerð hafði verið unnin af Kristjáni Helgasyni tæknifræðingi sem áður starfaði hjá Siglingastofnun. Endanleg kostnaðaráætlun við viðgerðina lá ekki fyrir fundinum en gert ráð fyrir að hún liggi fyrir fljótlega. Hafnarnefnd gerði ekki athugasemdir við þær áætlanir um framkvæmdina sem lágu fyrir fundinum.

4. Bréf MAST, 14.10.2013

Bréfið er ritað til hafnarinnar til að greina frá því að 20 hafnir hafi verið skoðaðar af starfsmönnum Matvælastofnunar með hliðsjón af matvælaöryggi. Sérstaklega hafi sjónum verið beint að löndunarbúnaði, fjarlægð eldsneytisáfyllinga og mengunarhættu og almennt að umgengni á hafnarsvæðinu. Skagastrandarhöfn fékk einkunina „mjög snyrtileg höfn“. Bréfið var til kynningar.

5. Önnur mál.

Umræður urðu almennt um umgengni og þrifnað á höfninni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.15

